

## Fundargerð 149. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 19. nóv. 2014  
**Fundartími:** 19:00 – 22:15  
Árni Eiríksson  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Margrét Jónsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri  
Björgvín Guðmundsson KPMG undir lið 7.  
Fulltrúar frá félagi tónlistarskólakennara undir lið 1.

Árni Eiríksson setti fund og bauð fundargesti velkomna. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt að bæta við undir liðinn önnur mál, erindi frá Jóni Elíasi Gunnlaugssyni og viðauka 3 og 4 við fjárhagsáætlun.

### Dagskrá:

**1. Kynning félags tónlistarkennara á stöðu mála í samningaviðræðum.**

Loftur Erlingsson, Jóhann Stefánsson, Ulle Hahndorf, Sigríður Kjartansdóttir, Hjörtur Hjartarson, Helga Sighvatsdóttir, Örylgur Benediktsson og Kolbrún B. Grétarsdóttir mættu til fundarins og kynntu stöðu mála í viðræðum félags tónlistarskólakennara og samninganefndar en verkfall hefur staðið yfir í u.þ.b.4 vikur.

Sveitarstjórn Flóahrepps lýsir yfir áhyggjum af stöðu mála í samningaviðræðunum við tónlistarkennara og hvetur aðila máls til þess að ræða saman og leita leiða til þess að ná samingum sem allra fyrst með hag nemenda að leiðarljósi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**2. Skipulagsmál: - 79. fundur skipulagsnefndar dags. 06.11.2014**

**a) Efri-Gróf lnr. 166329 – Efri-Gróf - lóð 5.**

Lagt fram lóðablað sem sýnir nýja 30,16 ha spildu, Efri Gróf lóð 5 úr landi jarðarinnar Efri-Gróf lnr. 166329. Á síðasta fundi skipulagsnefndar var tekinn fyrir uppdráttur sem sýnir hnitsetta afmörkun jarðarinnar og hafa aðliggjandi landeigendur samþykkt með undirritun á uppdrátt landamörk hennar. Afgreiðslu frestað þar til umsögn Vegagerðarinnar um tengingu spildunnar við þjóðveg liggur fyrir.

**b) Deiliskipulag Ragnheiðarstaðir 2 lnr. 222006.**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Ragnheiðarstaði 2, (lnr. 222006). Lögð fram tillaga að skipulagslýsingu vegna deiliskipulags fyrir Ragnheiðarstaði 2 í Flóahreppi lnr. 222006. Svæðið er í heild 193,7 ha og eru 77,7 ha norðan Villingaholttsvegar og 116 ha sunnan vegarins. Afmarkaður byggingarreitur fyrir íbúðarhús, vélageymslu og hesthús norðan vegar og sunnan vegar er afmarkaður reitur fyrir allt að 9.000 fm. landbúnaðarbyggingar. Lýsing skipulagsins var kynnt með auglýsingu sem birtist 2. október 2014 og var gefinn frestur til 23. október til að koma með athugasemdir eða ábendingar. Engar athugasemdir hafa borist en

fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar dags. 17. október 2014 þar sem m.a. kemur fram að í deiliskipulaginu þurfi að koma fram upplýsingar um hvers kyns landbúnaðarstarfsemi er fyrirhuguð á svæðinu og hvernig sú stefna fer saman með landnotkun aðliggjandi svæða. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagið verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með fyrirvara um að í greinargerð komi fram að fyrirhuguð landbúnaðarstarfsemi sé innan þeirra marka sem gildir um viðkomandi starfsemi. Sveitarstjórn staðfestir bókun skipulagsnefndar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. september til 5. nóvember.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. september til 5. nóvember 2014

**3. Umsjónarmaður tæknisviðs – þátttaka Flóahrepps.**

Rætt um hvað fælist í því fyrir Flóahrepp að gerast aðili að Tæknisviði Uppsveita Sveitarstjórn samþykkir að sótt verði um inngöngu í embættið. Samþykkt með 5 atkvæðum

**4. Endurvinnsla á seyru – þátttaka Flóahrepps.**

Fyrir liggur minnisblað frá Tæknisviði Uppsveita Árnassýslu, dagsett 14. október 2014 vegna kostnaðar við endurvinnslu á seyru. Kostnaður vegna endurvinnslunnar felst í móttökustöð, kalkblandara og vinnslu og mun skipting kostnaðarins fara eftir fjölda rotþróa í hverju sveitarfélagi.

Sveitarstjórn samþykkir að Flóahreppur verði aðili að verkefninu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**5. Frágangur gagna vegna kaupa á lóðum í Hraungerði ásamt viðauka 3.**

Fyrir liggur eftirfarandi bókun sveitarstjórnar Flóahrepps frá 5. mars 2014.

**„Gagntilboð Hraungerði**

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 8. janúar s.l. var samþykkt að gera kauptilboð í lóðirnar Þingborg 166286 15,1 ha að stærð og Þingborg eldri 166285 12.247,0 m<sup>2</sup> að stærð kr. 6.000.000.

Á fundi 5. mars 2014 samþykkti sveitarstjórn að taka gagntilboði frá Kirkjumálasjóði að upphæð kr. 7.000.000 í ofangreindar lóðir sbr. fyrirliggjandi uppdrætti með fyrirvara um samþykki kirkjuráðs.

Nú liggur einnig fyrir formleg staðfesting Ríkissjóðs Íslands og Kirkjumálasjóðs um eignarhald dagsett 25. september 2014, sem staðfestir að kirkjumálasjóður er eigandi lóðar og hefur því heimild til sölu á henni.

Sveitarstjóra er falið að ganga frá undiritun skjala og greiðslu vegna lóðanna f.h.

Flóahrepps. Viðauki við fjárhagsáætlun vegna kaupa á lóðunum, bókaður undir liðnum Önnur mál.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Erindi frá Jóni M. Ívarssyni og Brynjólfi Ámundasyni - frestað á síðasta fundi.**

Tekið fyrir að nýju erindi sem tekið var fyrir á fundi sveitarstjórnar 5.11.2014 frá Jóni M. Ívarssyni og Brynjólfi Ámundasyni, þar sem óskað er eftir því að Flóahreppur gerist samstarfsaðili þeirra við útgáfu Flóamannabókar.

Sveitarstjórn sér ekki fært að verða við erindinu en ítrekar fyrri ábendingar til höfunda um að hægt sé að senda inn umsókn, þegar sveitarfélagið auglýsir menningarstyrki.

Samkvæmt tölvupósti sem sveitarstjórnarmönnum barst frá Jóni M Ívarssyni er ósk um að sveitarstjórn tilnefni mann í ritnefnd frestað af þeirra hálfu.

Sveitarstjórn óskar þeim félögum velfernaðar við útgáfu Flóamannabókar.

Svanhvít Hermannsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.  
Samþykkt með 4 atkvæðum.

**7. Fjárhagsáætlun, Flóahrepps 2015 – 2018, fyrri umræða.**

Tekin til fyrri umræðu fjárhagsáætlun 2015, 2016, 2017 og 2018 sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Björgvin Guðmundsson KPMG kynnti fjárhagsáætlunina. Áætluninni er vísað til seinni umræðu.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Fundargerðir:**

a) **Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 148, 05.11. 2014**

Lögð fram til kynningar.

b) **25. vinnufundar sveitarstjórnar Flóahrepps, 12.11. 2014**

Lögð fram til kynningar.

**9. Önnur mál:**

a) Erindi frá Jóni Elfasi Gunnlaugssyni þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn Flóahrepps kalli eftir fundargerðum Eignarhaldsfélags Suðurlands frá stofnun þess og geri íbúum aðgengilegar.  
Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu og felur oddvita að senda erindi þess efnis til Eignarhaldsfélags Suðurlands.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) **Viðaukar við fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2014**

**Viðauki 3:**

Kaup á lóðum í Hraungerði að andvirði 7 milljónir króna af Kirkjumálasjóði.

Samtals hækkun fjárfestingar, vegna viðauka þrjú, er 7 millj. kr.

Kosntnaði vegna viðauka 3 er mætt með lækkun á handbæru fé um 7 millj. kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Viðauki 4:**

Í áætlun ársins 2014 var gert ráð fyrir 6. milljón króna söluhagnaði vegna sölu á eigninni, Brandshúsum 5. Eignin er ekki seld og hefur verið tekin af sölu. Áætlun um hækkun eigin fjár vegna sölunnar um 6 milljónir er því tekin út úr áætlun ársins 2014 og lækkar eigið fé sem því nemur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fundi slitið klukkan 22:15

*Ann Linniksson*

*Ólufur Friðriksson*

*Margrét Jónsdóttir*

*Sigurbara Runarsdóttir*

*Svanhvít Hermannsdóttir*

*Ólufur Friðriksson*